

## Ályktun formannaráðs BSRB um félagslegan stöðugleika

Formannaráð BSRB áréttar mikilvægi þess að þeir stjórnáflakkar sem mynda munu nýja ríkisstjórn beiti sér fyrir því að auka félagslegan stöðugleika í samfélaginu. Grundvöllurinn að því er réttlátt skattkerfi þar sem greitt er inn eftir eignum og tekið út eftir þörfum.

Allir verða að hafa jafnt aðgengi að almannajónustunni, óháð efnahag. Forgangsraða þarf í þágu uppbyggingar í velferðar- og menntamálum. Búa þarf launafólki félagslegt öryggi svo það geti eignast börn, komið þaki yfir höfuðið og mætt afleiðingunum af slysum, veikindum og atvinnumissi. Þá þarf að gera bæði öldruðum og öryrkjum kleift að lifa mannsæmandi lífi.

Nýrrar ríkisstjórnar bíða erfiðar áskoranir við að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði. Þar er mikilvægt að einblína ekki aðeins á efnahagslegan stöðugleika, enda verður hann ekki til án þess að félagslegur stöðugleiki sé tryggður.

**Reykjavík, 24. nóvember 2017**